

Mál nr. 466/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Notkun ökutækis. Skaðabótaskylda Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10. desember 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 30. desember 2025

Málsatvik.

Í málskoti er gerð grein fyrir því að í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu komi fram að 18. maí 2024 hafi lögreglunni borist tilkynning þess efnis að mótorhjólamañn hafi fælt hross með þeim afleiðingum að M hefði fallið af baki og slasast. M var þá að vinna sem leiðsögumaður í hestaferð. Er tekið fram í málskoti að samkvæmt framburði M og vitna hafi slysið atvikast með þeim hætti að hestamannahópur hafi verið að fara yfir á þegar bifhjólum var ekið yfir ána fyrir aftan hópinn með þeim afleiðingum að nokkur hrossanna fældust og þrjónuðu sem m.a. hafi leitt til þess að M slasaðist. Þá komi fram í lögregluskýrslunni að það hafi verið X, sem var ökumaður bifhjólsins A, sem ók hjóli sínu fyrir aftan hópinn og varð þess valdandi að hestarnir þrjónuðu og M féll af baki. Er jafnframt tekið fram að M hafi lýst atvikum með sama hætti við komu á bráðamóttöku á Selfossi og í tilkynningum vegna málsins. Í málinu liggur fyrir matsgerð þar sem afleiðingar líkamstjóns M eru metnar þær að hún hafi orðið fyrir 8 stiga miska auk þess sem hún hafi verið tímabundið óvinnufær frá slysdegi til 14. júlí 2024.

M byggir á því, með vísan til framburðar vitna í lögregluskýrslu og lýsingar M í frumgögnum málsins, að hrossin hafi fælst vegna hávaða frá A. Telur M að þrátt fyrir að í lögregluskýrslunni sé rætt um fleiri en eitt bifhjól sé ljóst að hin hjólin þrjú hafi verið kyrrstæð þegar slysið varð. M telur því sannað að líkamstjónið verði rakið til notkunar A í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 30. desember, er bótarétti M úr ábyrgðartryggingu A hafnað. Því til stuðnings bendir V m.a. á framburð X í lögregluskýrslu þar sem segir eftirfarandi: „[X] sagði að hann hafi haldið áfram árfarveginn. Hann sagði að það hafi síðan komið beygja og eftir það hafi hann komið inn í gil og séð [Y, sem var einn þeirra fjögurra bifhjólamanna sem voru í samfloti í umrætt sinn] þar sem hann var stopp. [X] sagði að hann hafi þá verið á 5-6 km hraða. [X] sagði að þá hafi hann séð þrjú hesta þrjóna og knapa detta af baki. [X] sagði að hestarnir hafi verið í um 100 metra fjarlægð frá sér.“ Þessu til viðbótar bendir V á að það komi fram í vitnisburði M að bifhjólum, þ.e. fleiri en einu bifhjóli, hafi verið ekið fyrir horn fyrir aftan hestamennina með þeim afleiðingum að styggð hafi komið að hennar hesti. V byggir á því með vísan í framangreint að ósannað sé að orsakatengsl séu á milli notkunar A og slyss M. Bendir V m.a. á í því sambandi að M skýri sjálf svo frá að fleiri en einu bifhjóli hafi verið ekið fyrir hornið í umrætt sinn, þ.e. ekki bara A.

Álit.

Málið lýtur að því hvort líkamstjón M verði rakið til notkunar bifhjólsins A. Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar segir að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Í því felist að orsakatengsl þurfi að vera á milli notkunar ökutækis og tjóns svo að til bótaskyldu geti stofnast. Á bls. 30 í fræðiritinu Ökutæki og tjónsbætur eftir Arnljót Björnsson, eru færð fyrir því rök að framangreint notkunarskilyrði geti talist uppfyllt þegar hestar fælast þó ekki sé beinlínis ekið á þá. Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu er m.a. eftirfarandi haft eftir Y, en hann var hluti af þeim fjögurra manna bifhjólalópi sem var með X í fôr: „[Y] sagði að [X] hafi svo komið frá gili í átt til þeirra en verið þá um 70 metrum frá reiðmönnum og hrossunum sem höfðu styggst við lætin frá hjólinu.“ Af lögregluskýrslunni verður einnig dregin sú ályktun að X hafi verið einn á ferð á þeim stað og tíma sem Y lýsir að framan. Kemur þar einnig fram að tvö bifhjólanna hafi verið stopp og það þriðja hafi verið það langt á eftir A að ökumaður þess upplýsti lögreglu um að hann hafi ekki orðið vitni af slysinu enda hafi hann verið aftastur í hópnum. Nefndin telur með vísan í framangreint, ekki síst framburð Y, nægjanlega sannað að hrossin, þar með talið það hross sem M sat, hafi fælst vegna hávaðans frá bifhjóli A sem X ók. Því sé uppfyllt framangreint skilyrði um að líkamstjón M megi rekja til notkunar A.

Niðurstaða.

M á rétt á að fá líkamstjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 20. janúar 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir